

Fimmtudagurinn 17. september 1998 kl. 12:00

115. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 30/1998

**Kvörtun Logalands ehf. yfir upplýsingum í auglýsingabæklingi  
og á umbúðum Rauðs eðalginsengs frá Eðalvörum ehf.**

**I.**

**Erindið**

Samkeppnisstofnun hefur borist erindi, dags. 19. janúar 1998, frá Logalandi ehf. þar sem kvartað er yfir upplýsingum í auglýsingabæklingi og á umbúðum Rauðs eðalginsengs frá Eðalvörum ehf. Logaland, sem er umboðsmaður Il Hwa ginsengs, telur að upplýsingar um Rautt eðalginseng brjóti í bága við ýmis ákvæði VI. kafla samkeppnislaga. Athugasemdir Logalands eru í nokkrum liðum og verður hér á eftir gerð grein fyrir þeim eins og þær koma fram í erindinu.

1. Í bæklingi Eðalvara segir m.a.:

*„Fyrir meira en 5000 árum uppgötvuðu grasalæknar í Kóreu „konung lækningajurtanna“, ginseng...*

*Keisarinn og nánustu hirðmenn hans notuðu aðeins rautt eðalginseng frá Kóreu, því það innihélt hæsta hlutfall virkra efna... Það var unnið úr 6 ára gömlum rótum, sem aðeins var unnt að rækta í sérstökum héruðum þar sem allar aðstæður voru fyrir hendi til að ná hámarksgæðum.“*

Logalandi finnst þetta ósennilegt og segir:

*„Í fyrsta lagi fæst það engan veginn staðist að framleiðsla á Rauðu „eðal“ ginsengi hafi hafist fyrir 5000 árum. Í öðru lagi skýtur það skökku við að keisarinn í Kína hafi vitað að Rautt „eðal“ ginseng innihéldi hæsta hlutfall virkra efna og í þriðja lagi að aðeins hafi verið unnt að rækta það í sérstökum héruðum þar sem allar aðstæður hafi verið fyrir hendi til að ná*

*hámarksgæðum. Vart hefur sú tækni sem þarf til að efnagreina ginsengrætur verið til fyrir 5000 árum.“*

Jafnframt tekur Logaland fram að á heimasíðu framleiðandans sé að finna allt aðra sögu um upphaf ræktunar ginsengs en fram komi í bæklingi Eðalvara.

2. Í bæklingi Eðalvara segir m.a.:

*„Náttúrulyf með gæðainnsigli. Af öllu kóresku ginsengi hefur aðeins Rautt eðalginseng hlotið hið rauða gæðainnsigli kóresku ríkiseinkasögunnar...“*

*Eina ginsengið með rauða gæðainnsiglinu.“*

Um þetta segir í erindi Logalands:

*„Ofangreindur texti teljum við að sé mjög villandi fyrir neytendur og skaðlegur samkeppni. Í fyrsta lagi er ekki neitt rautt gæðainnsigli að finna á umbúðum heldur er hið svokallaða rauða gæðainnsigli prentað á umbúðir vörunnar.“*

*Ennfremur er gefið í skyn að ef þetta merki sé ekki að finna á umbúðum utan um aðrar ginsengafurðir sé um lakari eða falsaða framleiðslu að ræða.“*

Texti sk. gæðainnsiglis hljóðar svo: „*Rautt ginseng – Gæðainnsigli KT&G – Einkaleyfisframleiðsla – Lýðveldið Kórea*“. KT&G er skammstöfun á nafni þess fyrirtækis sem framleiðir ginseng Eðalvara, Korea Tobacco & Ginseng Corp. en fyrirtækið er í eigu kóreska ríkisins. Logaland telur að hér sé um að ræða að fyrirtækið merki vöruna eigin gæðainnsigli en ekki sé um að ræða viðurkenningu kóreskra yfirvalda. Þá ber Logaland saman enskar umbúðir ginsengsins við þær íslensku og vekur athygli á að á þeim ensku sé ekki að finna gæðainnsiglið. Af þessu dregur Logaland þá ályktun að umbúðir Eðalvara séu hannaðar í óþökk framleiðanda og séu til þess fallnar að auka eftirspurn eftir vörunni. Máli sínu til stuðnings nefnir Logaland að ginsengið sem það fyrirtæki flytji inn frá Il Hwa sé með raunverulegu gæðainnsigli frá kóreskum yfirvöldum, „Korea Advanced Food Research Institute“ og „Korea Institute of Food Hygiene“.

3. Í auglýsingabæklingi Eðalvara kemur fram að framleiðandi ginsengsins sé Ríkiseinkasala lýðveldisins Kóreu. Þetta telur Logaland vera rangt þar sem þessa sé hvergi getið á heimasíðum framleiðandans KT&G á internetinu. Þá telur Logaland að orðið ríkiseinkasala gefi til kynna að öll ginseng sala fari í gegnum það fyrirtæki sem sé rangt. Logaland telur að þessar fullyrðingar hafi gert þeim erfitt fyrir við að selja sína vöru þar sem gefið sé til kynna að eingöngu ginseng Eðalvara hafi hlotið viðurkenningu yfirvalda.
4. Logaland gerir ennfremur athugasemd við að á umbúðum Kjarnahvítlauks sem Eðalvörur dreifa hafi fyrrnefnt gæðainnsigli verið stílfært og notað sem fyrirtækismerki (logo) Eðalvara. Þetta telur Logaland vera gróft brot á 25. gr. samkeppnislaga þar sem gæðainnsigli ginsengsins hafi verið auglýst sem trygging fyrir gæðum og notkun þess á umbúðum Kjarnahvítlauks hafi áhrif á sölu á Kyolic hvítlauksafurðinni sem Logaland dreifi. Logaland fer því fram á að Samkeppnisstofnun innkalli umbúðir Kjarnahvítlauk vegna þessa.
5. Í bæklingi Eðalvara segir:

*„Lög um ræktun Rauðs eðalginsengs frá Kóreu. Þegar á vexti ginsengjurtarinnar stendur mergsýgur rótin öll næringarefni úr jarðveginum. Þess vegna þarf jarðvegurinn að jafna sig í að minnsta kosti 10 ár að uppskeru lokinni. Kóreska ríkið hefur sett ströng lög, til þess að tryggja gæði framleiðslunnar. Þessi lög gilda þó einungis um ræktun rauðs ginsengs og bestu ræktunarsvæðin eru frátekin fyrir hann...*

*Hámarksgæði – þrefalt eftirlit. Til að tryggja besta hlutfall virkra efna hefur Ginsengrannsóknarstofnun Kóreu sett eftirfarandi reglur...*

*Vinnsla á Rauðu eðalginsengi er aðeins heimiluð úr bestu rótunum.“*

Logaland efast um að lýðræðisríki setji sérstök lög um að fyrirtækjum í eigu yfirvalda sé einum heimilt að rækta á bestu ræktunarsvæðum. Einnig efast Logaland um að lögin gildi eingöngu um ræktun rauðs ginsengs þar sem allar ginsengrætur séu hvítar við lok ræktunar. Rauði liturinn verði til við að gufuhita ræturnar. Logaland krefst þess að fá „vottaða þýðingu á lögnum“ og staðfestingu á því að jarðvegurinn sé hvíldur í tíu ár. Þá telur Logaland að Ginsengrannsóknarstofnun Kóreu sé í nánnum tengslum við framleiðanda ginsengs Eðalvara þar sem bæði séu í eigu sama aðila. Jafnframt vill

Logaland staðfestingu á að reglur rannsóknarstofnunarinnar eigi aðeins við um vinnslu á rauðu ginsengi.

6. Logaland gerir einnig athugasemdir við íslenskt heiti ginsengs Eðalvara, Rautt eðalginseng frá Kóreu. Enskt heiti vörunnar sé „Red Korean Ginseng“ og telur Logaland að með því að bæta „eðal“ inn í nafnið sé verið að skírskota til þess að ekkert betra sé framleitt í Kóreu. Jafnframt sé þetta sambærilegt því að nota efsta stig lýsingarorða í auglýsingum. Logaland fer fram á að bann verði lagt á notkun heitisins og umbúðum verði breytt.

Þá segir m.a. í erindi Logalands:

*„Sökum smæðar markaðar fyrir ginsengafurðir á Íslandi þarf ekki mikið til þess að einn aðili nái algerri yfirburðaaðstöðu á sínu sviði. Fyrir fáeinum árum voru fjölmargar gerðir ginsengs fáanlegar hér á landi en nú hefur þeim fækkað all verulega og einkennist markaðurinn nú þegar af fákeppni og mun, ef ekkert er að gert, breytast í einokun.“*

Í lok erindisins ítrekar Logaland þá kröfu sína að gripið verði til róttækra aðgerða gegn Eðalvörum og umbúðir og bæklingar fyrirtækisins verði innkallaðar.

## II.

### Málsmeðferð

#### 1.

Erindi Logalands var sent Eðalvörum til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 20. janúar 1998, og barst svar fyrirtækisins með tveimur bréfum, dags. 4. febrúar 1998.

Í svari Eðalvara kemur m.a. fram að nafni framleiðanda ginsengsins hafi verið breytt úr „Office of Monopoly“ í „Korea T. And Ginseng Corp.“. Þessu til staðfestu fylgdi með bréf frá framleiðandanum. Í bréfi KT&G kemur fram að eingöngu nafni fyrirtækisins hafi verið breytt en eignarhald ríkisins sé óbreytt. Þá kemur einnig fram að í stað „einkasölu“ skuli merkja vöruna „einkaleyfisframleiðsla“. Þá segir í svari Eðalvara m.a.:

*„Vara sú er nefnd er „Rautt eðalginseng“ er framleidd í lýðveldinu Kóreu (S-Kórea) af fyrirtækinu „Korea T and Ginseng Corporation“, sem er alfarið í eigu ríkisins. Fyrirtækið framleiðir eingöngu ginsengafurðir úr svokölluðu rauðu ginsengi, sem er mun dýrara en hvítt ginseng. Rauðu kóresku ginsengi er skipt í þrjá verðflokka eftir gæðum. Eftirlit með þeirri flokkun hefur önnur ríkisstofnun þ.e. Ginsengrannsóknarstofnun Kóreu. Til skamms tíma var nánast allt rautt ginseng selt úr landi. Með sérstöku leyfi stjórnvalda merkja þessar stofnanir vöruna með því sem ég kalla í bæklingi innsiglismerki. Mín vegna má kalla það gæðamerki...“*

Eðalvörur taka fram í svari sínu að á þýsku sé orðið „Qualitätssiegel“ notað um það sem hér sé kallað gæðainnsigli. Þá telja Eðalvörur rangt að innsiglismerkið gefi til kynna að aðrar vörur séu verri. Um efasemdir Logalands um að jörð sé hvíld í tíu ár eftir uppskeru segja Eðalvörur að upplýsingarnar komi frá framleiðanda og hafi birst í fjölda erlendra tímarita. Að lokum segir:

*Forsvarsmaður Logalands virðist telja að það sé hlutverk Samkeppnisstofnunar að skammta honum réttláta markaðshlutdeild í því skyni að afstýra að markaðurinn breytist í algera einokun. Þar fer forsvarsmaður Logalands í geitarhús að leita ullar. Logaland selur ginsengafurð (hvítt ginseng) frá Kóreu (ég hef aldrei haldið öðru fram) sú vara er sjálfsagt ágæt en hún er ekki sú sama og sú (rautt ginseng) sem Eðalvörur selja.“*

## 2.

Svör Eðalvara voru send Logalandi til umsagnar í febrúar. Með bréfi, dags. 11. febrúar óskar Logaland eftir fresti til athugasemda til 20. febrúar sem fyrirtækinu var veittur þann 12. febrúar. Með bréfi Samkeppnisstofnunar þann 3. apríl var fyrirtækinu bent á að athugasemdir hefðu ekki borist. Í bréfi Logalands dags. 30. júlí sl. kemur fram að ekki sé að vænta frekari athugasemda en kvartað er yfir seinni málsmeðferð stofnunarinnar í þessu máli.

## 3.

Þann 21. apríl sl. sendi Samkeppnisstofnun m.a. þetta mál til umsagnar Lyfjaeftirlits ríkisins og Hollustuverndar ríkisins. Í svari Hollustuverndar ríkisins, dags. 28. apríl 1998, kemur fram að stofnunin geti ekki orðið að liði í þessu máli. Svar Lyfjaeftirlits ríkisins er dags. 5. júní 1998 og þar segir m.a.:

*„Lyfjaeftirlit ríkisins vill strax taka fram að umræddar vörur eru á markaðnum sem almennar vörur (náttúruvörur, fæðubótarefni), það er þær eru*

*undanþegnar ákvæðum lyfjalaga nr. 93/1994 um lyf (náttúrulyf). Vörutegundirnar eru því ekki náttúrulyf og ekki má markaðssetja þær nema sem fæðubótarefni eða náttúruvöru...*

*Um síðast liðin áramót tók gildi reglugerð nr. 684/1997 sem fjallar um markaðsleyfi fyrir náttúrulyf. Í 4. gr. reglugerðarinnar segir meðal annars: Sækja þarf um markaðsleyfi náttúrulyfs fyrir náttúruvöru sem er markaðssett eða auglýst á þann hátt að ljóst sé, að viðkomandi vara sé ætluð til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum. Sama gildir um náttúruæfni sem ætlað er að hafa áhrif á líkamsstarfsemi manna eða dýra eða er markaðssett með þeim hætti.*

*Ekki hefur verið veitt markaðsleyfi fyrir náttúrulyf enn sem komið er. Óheimilt er að flytja inn, selja eða kynna náttúrulyf sem ekki hefur verið veitt markaðsleyfi fyrir.*

*Lyfjæftirlit ríkisins sendi í apríl síðast liðnum öllum fyrirtækjum og einstaklingum sem flytja inn fæðubótarefni og náttúruvörur bréf þar sem framangreind ákvæði eru áréttuð...“*

#### 4.

Þann 1. júlí 1998 sendi Samkeppnisstofnun málsaðilum umsögn Lyfjæftirlits ríkisins. Jafnframt var tilkynnt að sökum mikils málafjölda í meðferð hjá stofnuninni væri fyrirsjáanleg töf á afgreiðslu málsins. Engar athugasemdir bárust.

#### 5.

Í auglýsingabæklingi Eðalvara sem í erindi þessu er kvartað yfir er orðið náttúrulyf notað um Rautt eðalginseng. Í bæklingnum segir t.d. „100% hreint náttúrulyf“, „Sannreynið góð áhrif þessa austurlenska náttúrulyfs...“ og „Náttúrulyf með gæðainnsigli“.

Þá segir í bæklingnum um ginseng: „Minnkar kólesteról“.

### III. Álit auglýsinganefndar

Á fundi auglýsinganefndar, ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, þann 11 september 1998 var mál þetta tekið til afgreiðslu. Fundinn sátu Atli Freyr Guðmundsson, Jóhannes Gunnarsson og Sólveig Ólafsdóttir. Niðurstaða nefndarinnar var eftirfarandi:

Í auglýsingabæklingi Eðalvara um Rautt eðalginseng er frásögn um uppgötvun ginsengs fyrir 5000 árum. Logaland dregur í efa sannleiksgildi frásagnarinnar. Auglýsinganefnd fær ekki séð á hvern hátt frásögn þessi getur skaðað hagsmuni neytenda eða keppinauta og telur ekki ástæðu til að gera athugasemd við sögu Eðalvara frekar en aðrar þjóðsögur.

Logaland kvartar yfir að í auglýsingabæklingi um Rautt eðalginseng frá Eðalvörum sé framleiðandi vörunnar sagður Ríkiseinkasala lýðveldisins Kóreu eða ríkiseinkasalan þegar heiti framleiðandans sé í raun „Korea Tobacco & Ginseng Corp.“ eða KT&G. Auglýsinganefnd bendir á að við málsmeðferð hefur komið í ljós að nafni fyrirtækisins hefur verið breytt úr ríkiseinkasölunni í KT&G. Auglýsinganefnd telur því ekki ástæðu til athugasemda.

Logaland telur að umfjöllun í auglýsingabæklingnum um sk. gæðainnsigli KT&G sem er að finna á umbúðum Rauðs eðalginsengs gefi til kynna að aðrar ginsengtegundir sem ekki hafi viðkomandi innsigli séu lakari vara. Auglýsinganefnd telur að ekkert í innsigliinu gefi til kynna annað en að um sé að ræða gæðamerki framleiðanda. Auglýsinganefnd telur því ekki ástæðu til athugasemda.

Logaland gerir athugasemd við að Eðalvörur noti nk. stílfærða útgáfu af gæðainnsigli ginsengsins á umbúðir Kjarnahvítlauks sem fyrirtækið dreifir. Auglýsinganefnd telur að merki Eðalvara á hvítlauksumbúðunum sé ekki það líkt sk. gæðainnsigli að það valdi ruglingi. Auglýsinganefnd telur því ekki ástæðu til athugasemda við merkingu umbúða Kjarnahvítlauksins.

Logaland dregur í efa fullyrðingar í auglýsingabæklingi Rauðs eðalginseng um að sérstök lög og reglur gildi um ræktun rauðs ginsengs í Kóreu. Auglýsinganefnd fær ekki séð á hvern hátt þessi umfjöllun geti skaðað neytendur eða keppinauta og sér ekki ástæðu til athugasemda um þetta atriði.

Að lokum gerir Logaland athugasemdir við íslenskt heiti ginsengs Eðalvara, Rautt eðalginseng frá Kóreu, þar sem bætt sé „eðal“ við enskt heiti ginsengsins. Auglýsinganefnd sér ekki ástæðu til athugasemda við nafngift vörunnar en bendir á samtengingu við nafn dreifingarfyrtækisins Eðalvara.

Í framhaldi af umsögn Lyfjaeftirlits ríkisins telur auglýsinganefnd rétt að taka fram að í bæklingi Eðalvara er ginseng kallað náttúruylf. Með leyfi Lyfjaeftirlits ríkisins er ginseng á markaðnum sem náttúruvara eða fæðubótarefni en ekki sem náttúruylf. Auglýsinganefnd telur að það gefi neytendum rangar og villandi upplýsingar að kalla ginseng náttúruylf í auglýsingabæklingi þar sem hið rétta er að um er að ræða fæðubótarefni eða náttúruvöru. Slíkt sé brot á 21. gr. samkeppnislaga.

Þá vill auglýsinganefnd einnig benda á að í bæklingnum er fullyrt að ginseng lækki kólesteról og er þannig gefið í skyn að ginseng hafi lækningamátt. Eðalvörum var send umsögn Lyfjaeftirlits ríkisins til athugasemda. Í umsögninni kemur fram að birting auglýsingar þar sem gefið er til kynna að fæðubótarefni eða náttúruvörur hafi lækningamátt er óheimil skv. lyfjalögum. Eðalvörur komu ekki á framfæri við Samkeppnisstofnun neinum gögnum til að sanna að ginseng hefði áhrif á lækun kólesteróls. Fullyrðingin er ósönnuð og því brot á 21. gr. samkeppnislaga.

Með vísan til framangreinds telur auglýsinganefnd rétt að leggja til við samkeppnisáð að beina þeim tilmælum til Eðalvara að innkalla bæklinginn.

#### **IV. Niðurstaða**

Á fundi samkeppnisráðs, þann 17. september 1998, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Skarphéðinn Þórisson.

Mál þetta fjallar um kvörtun Logalands ehf. yfir upplýsingum í auglýsingabæklingi og á umbúðum Rauðs eðalginsengs frá Eðalvörum ehf. Jafnframt hafa komið fram upplýsingar frá Lyfjaeftirliti ríkisins sem tengjast auglýsingabæklingnum.



Að mati samkeppnisráðs kemur 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 til álita í máli þessu en hún hljóðar svo:

*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.*

*Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“*

Samkeppnisráð er sammála niðurstöðu auglýsinganefndar um að ekki sé ástæða til athugasemda við þau atriði sem Logaland kvartar yfir í auglýsingabæklingi Eðalvara.

Jafnframt telur samkeppnisráð rétt að benda á að skv. upplýsingum Lyfjaeftirlits ríkisins er ginseng náttúruvara eða fæðubótarefni og hefur leyfi til að vera til sölu á íslenskum markaði sem slíkt. Skv. álitum Lyfjaeftirlitsins eru auglýsingar þess efnis að vara geti haft áhrif á heilsu manna óheimilar þegar aðrar vörur en lyf og náttúrulyf eru auglýstar sbr. VI. kafla lyfjalaga nr. 93/1994 og I. kafla reglugerðar nr. 684/1997 um markaðsleyfi náttúrulyfja. Þá segir í 23. gr. læknalaga að bannað sé að auglýsa lækningamátt drykkja, matvæla, neyslu- og nauðsynjavara og annars.

Samkeppnisráð telur að með því að kalla ginseng náttúrulyf í auglýsingabæklingi sé neytendum veittar rangar og villandi upplýsingar, sbr. 21. gr. samkeppnislaga, þar sem hið rétta er að ginseng er hér á markaði sem fæðubótarefni eða náttúruvara.

Þá telur samkeppnisráð að fullyrðing um að ginseng hafi áhrif til lækkunar kólesteróls sé ósönnuð sbr. 21. gr. samkeppnislaga og því ósanngjörn gagnvart neytendum sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.

Samkeppnisráð telur að nauðsynlegt sé að banna dreifingu auglýsingabæklings um Rautt eðalginseng sem fyrirtækið Eðalvörur ehf. dreifa. Þetta skal gert þar sem bæklingurinn inniheldur fullyrðingar sem eru rangar og villandi og

jafnframt ósanngjarnar gagnvart neytendum sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála. Upplýsingar í bæklingnum brjóta gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga og telur samkeppnisráð nauðsynlegt að bæklingurinn verði innkallaður.

## V.

### Ákvörðunarorð:

**„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Eðalvörum ehf., Sundaborg 1, Reykjavík, að dreifa auglýsingabæklingnum „Rautt eðalginseng (þykkni)“ þar sem hann inniheldur rangar og villandi upplýsingar og er jafnframt ósanngjarn gagnvart neytendum.**

**Jafnframt beinir samkeppnisráð þeim tilmælum til Eðalvara að innkalla fyrrnefndan auglýsingabækling nú þegar.“**